LÖG

um breytingu á lögum nr. 76 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna komi 0,18% gjald í stað 0,25% gjalds.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 118 27. desember 1990

LÖG

um brottfall laga og lagaákvæða.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þau, lagafyrirmæli og lagaákvæði, sem greind eru í 2.–30. gr. laga þessara, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög er varða embættismenn og yfirvöld.

1. Tilskipun um erindi til stjórnarinnar, áritun á þau o.fl., 3. apríl 1771.
2. Opið bréf kansellíisins um afrit skjala sem send eru til staðfestingar, 23. janúar 1789.
3. Tilskipun um samningu umsókna- og kærubréfa o.fl., 28. desember 1792.
4. Konungsbréf um sektavald amtmanna, 3. janúar 1823.
5. Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi sem út komu fyrir Danmörku árið 1827, 21. desember 1831.
6. Konungsúrskurður um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál, 23. desember 1864.
7. Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, nr. 12/1904.

3. gr.

Lög er varða opinbera starfsmenn, þar á meðal lífeyri þeirra.

1. Tilskipun sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun, 31. maí 1855.
2. Opið bréf, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, 31. maí 1855.
3. Lög um breytingu á lögum nr. 13/1884, um eftirlaun prestekkna, nr. 36/1895.
4. Lög um eftirlaun, nr. 4/1904.
5. Lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, nr. 5/1904.
6. Lög um viðauka við opið bréf 31. maí 1855, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, nr. 28/1905.
7. Lög um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, nr. 36/1911, 5. gr.

4. gr.

Lög er varða landshagi, hagfræðiskýrslur og Hagstofuna.

1. Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur, nr. 20/1903.
2. Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, nr. 30/1956.
3. Tilskipun áhrærandi árlega kapítulstaxta á Íslandi, 16. júlí 1817.
4. Lög um afnám laga nr. 27/1954 um verðlagsskrár, nr. 6/1964, bráðabirgðaákvæði.
5. Lög um greiðslu íslenskra afurða, nr. 43/1943.

5. gr.

Lög er varða opinber gjöld og gjaldheimtu.

1. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
2. Tilskipun um gjaldheimtu og reikningsskil í Danmörku, 30. janúar 1793.
3. Opið bréf kansellíis um það, hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana, 10. apríl 1795.
4. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
5. Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o.fl., 17. maí 1823.
6. Opið bréf um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum, 23. nóvember 1827.
7. Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts er þinggjaldi eiga að lúka, 10. febrúar 1847.
8. Tilskipun um meðferð á störfum landsféhirðis, nr. 16/1918.
9. Lög um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum, nr. 47/1925.
10. Lög um lestagjald af skipum, nr. 10/1946.
11. Lög um eignakönnun, nr. 67/1947.
12. Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl., nr. 22 1950.
13. Lög um breyting á lögum nr. 83 26. nóvember 1948, um skattfrelsi vinninga o.fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, nr. 74/1953.
14. Lög um skatt á stóreignir, nr. 44/1957, ásamt breytingalögum nr. 19/1958.
15. Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins, nr. 21 1952.

6. gr.

Lög er varða efnahagsmál.

1. Lög um efnahagsmál, nr. 4/1960, 2.–6. gr., 19. gr. og 20. gr.
2. Lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103/1978.
3. Lög um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978, nr. 109/1978.
4. Lög um kjaramál, nr. 121/1978.
5. Lög um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979, 26. gr.
6. Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 10/1981.
7. Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12/1981.
8. Lög um efnahagsaðgerðir, nr. 2/1983.

7. gr.

Lög um gjaldeyrismál.

1. Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, nr. 16/1920.
2. Lög um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 82/1941.
3. Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 71/1942.
4. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 28/1962.
5. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 69/1967.
6. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1967.
7. Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o.fl., nr. 79/1967.
8. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1968.
9. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 83/1968.
10. Lög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, nr. 62 1972.
11. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 97/1972.
12. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 78/1974.
13. Lög um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, nr. 106/1974.
14. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1975.
15. Lög um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa, nr. 55/1975.
16. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1978.
17. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 22/1979.
18. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 81/1981.
19. Lög um breyting á lögum nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 7/ 1982.
20. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 14. janúar 1982, nr. 28/1982.

8. gr.

Lög er varða ríkisábyrgðir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 43/1964.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 33/1965.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél, nr. 70/1966, ásamt breytingalögum nr. 93/1966.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva, nr. 73 1962.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 61/1965.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 17/1968.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o.fl., nr. 91/1966.
8. Lög um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar, nr. 60 1969.
9. Lög um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira, nr. 93/1972.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum, nr. 13/1974.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 104 1974.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf., nr. 16/1975.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá, nr. 70/1976.
14. Lög um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978, nr. 120/1978.
15. Lög um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nr. 9/1980.
16. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 28/1980.
17. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 37/1981.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf., nr. 60/1982.
19. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, nr. 25/1983.

9. gr.

Lög er varða opinbera sjóði.

1. Lög um Jöfnunarsjóð, nr. 41/1932.
2. Lög um framkvæmdasjóð ríkisins, nr. 55/1942.

10. gr.

Lög er varða fasteignir ríkisins.

1. Lög um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi, nr. 44/1967.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur, nr. 46/1967.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi, nr. 55/1967.

4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu, nr. 56/1967.
5. Lög um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, nr. 57/1967.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, nr. 11/1969.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland, nr. 44/1969.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi, nr. 64/1969.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi, nr. 5/1972.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi, nr. 9/1972.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi, nr. 10/1972.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi, nr. 37/1972.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar, nr. 33/1973.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, nr. 64/1973.
15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, nr. 67/1973.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 75/1976.
17. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík, nr. 10/1956.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri, nr. 16/1970.
19. Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði, nr. 74/1942.
20. Lög um sölu verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki, nr. 3/1947.
21. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, nr. 35/1984.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 37/1984.
23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, nr. 15/1985.
24. Lög um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 60/1988.

11. gr.

Lög er varða lán og lántökuheimildir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington, nr. 103/1961.
2. Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni, nr. 6/1962.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landspítalans, nr. 48 1962.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 59/1964, og breytingalög nr. 23/1965.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða, nr. 26/1966.

6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966, nr. 27/1966.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967, nr. 26/1967.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968, nr. 24/1968.
9. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 8/1969.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969, nr. 23/1969.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970, nr. 34/1970.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971, nr. 29/1971.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 82/1971.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972, nr. 26/1972.
15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerða á varðskipinu Þór, nr. 83/1972.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, nr. 8/1973.
17. Lög um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda, nr. 91/1973.
18. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 11/1974.
19. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 37/1974.
20. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 92/1974.
21. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 9/1975.
22. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, nr. 11/1975.
23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, nr. 15/1975.
24. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, nr. 89 1975.
25. Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, nr. 69/1976.
26. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, nr. 116 1976.
27. Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, nr. 82/1977, og breytingalög nr. 13/1981.
28. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum, nr. 3/1978.
29. Lög um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, nr. 20/1979.

12. gr.

Lög er varða fjármál ríkisins.

1. Lög um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, nr. 96/1975.
2. Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimild til lántöku á árinu 1980 o.fl., nr. 98/1979.
3. Lög um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, nr. 23/1984.
4. Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, nr. 43/1984, 1.–3. gr., 7. gr. og 26.–29. gr.
5. Lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, nr. 48/1985.

13. gr.

Ýmis eignarnámslög.

1. Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum í Hólshreppi, nr. 16/1932.
2. Lög um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal, nr. 17/1932.
3. Lög um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi, nr. 21/1938.
4. Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði, nr. 37/1949.
5. Lög um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði, nr. 44/1966.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals, nr. 9 1973.

14. gr.

Lög er varða banka og lánastofnanir.

1. Viðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar við Landsbankann í Reykjavík, nr. 30/1902.
2. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, nr. 60/1928.
3. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 122/1935.
4. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 94/1941.
5. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 55/1945.
6. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 73/1965.
7. Lög um rekstrarlánafélög, nr. 98/1938.

15. gr.

Lög er varða félagsmál.

1. Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60/1907.
2. Lög um íbúðir í kjöllurum, nr. 57/1929.
3. Lög um niðurfærslu verðlags og launa o.fl., nr. 1/1959.
4. Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, nr. 99/1970.
5. Lög um fyrirframgreiðslu opinberra gjalda, nr. 3/1971.
6. Lög um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó, nr. 6/1973.
7. Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o.fl., nr. 13/1975.

16. gr.

Lög er varða kirkjumálefni.

1. Konungsbréf um ráðstafanir gegn prestum þeim er láta prestssetrin falla og níðast niður, 11. maí 1708.
2. Konungsbréf um afsetta presta, 7. október 1740.

17. gr.

Lög er varða menntamál.

Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, nr. 5/1968, 6. gr. og 7. gr. 1. og 4. tölul.

18. gr.

Lög er varða heilbrigðismál.

1. Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2/1898.
2. Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3/1898.
3. Lög um breyting á lögum nr. 3/1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 57/1909.

19. gr.

Lög er varða samgöngur.

1. Lög um hægri handar umferð, nr. 65/1966.
2. Lög um strandferðir, nr. 53/1913, og breytingalög nr. 41/1914.
3. Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf., nr. 8/1981.
4. Lög um málefni Flugleiða hf., nr. 74/1980.
5. Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi er opni hringveg um landið, nr. 99/1971.
6. Lög um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði, nr. 48/1974.
7. Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, nr. 36/1975.
8. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, 17. apríl 1868.
9. Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13/1899.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, nr. 99/1961.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi, nr. 9/1963.

20. gr.

Lög er varða lögreglumálefni.

1. Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 3/1876.
2. Lög um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 14/1891.
3. Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 9/1896.
4. Lög um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49/1903.
5. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954, 1. gr. 2. mgr. og 2. gr. 2. mgr.

21. gr.

Lög er varða sveitarstjórnir og stöðu bæjarfógeta í kaupstöðum.

1. Lög um manntal í Reykjavík, nr. 18/1901, og lög um breytingar á þeim, nr. 64/1907, 57 1917 og 49/1933.
2. Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 24/1905.
3. Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911.
4. Lög um mjólkursölu á Ísafirði, nr. 32/1918.
5. Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja, nr. 26/1918, 2. gr. 2. málsl.

6. Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 58 1919.
7. Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri, nr. 49/1927.
8. Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28/1931.
9. Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði nr. 48/1928, 1. gr. 2. mgr. og 4. gr., sbr. lög nr. 23/1936, 1. gr.
10. Lög um bæjarstjórn á Akranesi, nr. 45/1941, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
11. Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu, nr. 63 1941.
12. Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, nr. 60/1944, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
13. Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað, nr. 42/1946.
14. Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki, nr. 57/1947, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
15. Lög um bæjarstjórn í Keflavík, nr. 17/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. 2. gr. og 4. gr.
16. Lög um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
17. Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík, nr. 94/1954.
18. Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, nr. 30/1955, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. og 2. gr.
19. Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða sem miðuð eru við fasteignamat, nr. 29/1959.
20. Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, nr. 105 1973.

22. gr.

Lög er varða landbúnað.

1. Lög um aðfluttar ósútaðar húðir, nr. 35/1891.
2. Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, nr. 12/1894.

23. gr.

Lög er varða fiskveiðar, sjávarútveg og siglingar.

1. Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar í Norðursjónum, nr. 20/1901, og breytingalög nr. 29/1902.
2. Lög um síldarnætur, nr. 28/1902.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, nr. 37/1931, og breytingalög nr. 65/1932.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi, nr. 66/1932.
5. Lög um útflutning saltaðrar síldar, nr. 70/1933.
6. Lög um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o.fl., nr. 15/1934.
7. Lög um mat á fiskúrgangi, nr. 9/1935.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn, nr. 47/1935.
9. Lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56/1935.
10. Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, nr. 92/1935.
11. Lög um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 10/1938.
12. Lög um breyting á lögum nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 42/1940.
13. Lög um síldartunnur, nr. 60/1940, og lög um frestun þeirra, nr. 46/1943.
14. Lög um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19/1941.
15. Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 131/1941.
16. Lög um að reisa nýja síldarverksmiðju, nr. 93/1942.

17. Lög um olíugeyma o.fl., nr. 110/1943.
18. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenskra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, nr. 47/1943.
19. Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.
20. Lög um skipakaup ríkisins, nr. 48/1945.
21. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 109/1945.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, nr. 46/1946.
23. Lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni, nr. 16/1948.
24. Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, nr. 52/1949.
25. Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði, nr. 21/1950.
26. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 50/1950.
27. Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, nr. 88/1950.
28. Lög um síldarleit úr lofti, nr. 56/1954.
29. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur, nr. 49/1955.
30. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað, nr. 50/1955.
31. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, nr. 84/1956.
32. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, nr. 94/1956.
33. Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði, nr. 27/1963.
34. Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, nr. 4/1967.
35. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, nr. 16/1969.
36. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970, nr. 64/1970.
37. Lög um kaup á skuttogurum, nr. 113/1972.
38. Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa, nr. 76/1976.
39. Lög um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o.fl., nr. 1/1983.

24. gr.

Lög er varða verslun.

1. Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29/1877.
2. Lög um að selja salt eftir vigt, nr. 37/1902.
3. Lög um sölu á eggjum eftir vigt, nr. 21/1912.
4. Lög um þyngd bakarabrauða, nr. 11/1917.

25. gr.

Lög er varða iðnað.

1. Lög um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 19/1977.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, nr. 88/1952.
3. Lög um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar hf. sem eru í einkaeign, nr. 45/1968.

26. gr.

Lög er varða orkumál.

1. Lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá o.fl., nr. 20/1921, 1., 3. og 4. gr.
2. Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna, nr. 73/1921.
3. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 92/1947, 2. gr.
4. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 34/1949, 2. gr.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, nr. 63/1950.
6. Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, nr. 12/1951, 2. gr.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana, nr. 74/1952.
8. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 65/1956, 2. gr.
9. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 35/1959.
10. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 51/1963.
11. Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð, nr. 54/1963.

27. gr.

Lög er varða veitingar og gistihúsarekstur.

Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, nr. 36/1946.

28. gr.

Lög er varða félög og stofnanir.

1. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín, nr. 13/1940.
2. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín, nr. 89/1945.

29. gr.

Lög er varða áfengi.

Lög um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóvember 1917, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 3/1923.

30. gr.

Lög er varða réttarfar.

1. Opið bréf er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum, 4. janúar 1861.
2. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32/1911.
3. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o.fl., nr. 79/1919.
4. Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o.fl., 19. desember 1821.
5. Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð, nr. 68/1921.
6. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, nr. 3/1973.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.